

Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinám

Sökkva

Fara út og kanna hvort og þá hvar við getum sokkið. Gætum jafnvel prófað að heitast og sjá hvort eitthvað gerist. Getum grafið misdjúpar holur, sett dót í holuna, moka yfir og sjá hvernig það er að toga mismunandi efnivið upp úr misdjúpum holum. Getum líka grafið okkur niður og togað okkur upp. Gengur betur þegar margir toga en þegar einungis einn togar? Hægt að fara í reipitog.

Klæðnaður

Nýta tækifæri sem koma og athuga hvaða klæðnaður hentar hverju veðri. Gera tilraunir, t.d. hvað gerist ef við förum einungis í peysunni út í grenjandi rigningu? Hvað með að við förum í kuldagalla þegar það er hlýtt úti? Getum við farið á nærbrókunum út?

Þjónustur

Hvað gera þjónustur? Hægt að fara í leik þar sem skipst er á að þjónusta hvort annað og sjá hvernig okkur líkar það. Þá þarf að ákveða umhverfið, hvar eru þau að þjónusta og hvað þurfum við fyrir leiksviðið? Þjónusturnar gætu búið til eitthvað, t.d. mat, sauma flík, taka til eða eitthvað annað sem við höldum að þjónustur sinna.